



VIÐBÓTARNÁM

NÝ NÁMSLEIÐ TIL AÐ EFLA RÁÐGJÖF Í STARFSENDURHÆFINGU



ÝMSAR ÁSTÆÐUR geta legið að baki því að fólk geti ekki unnið. Sumir missa vinnuna vegna samdráttar eða skipulagsbreytinga hjá fyrirtækjum en aðrir geta ekki sinnt vinnu vegna veikinda. Að sögn Ástu Snorradóttur og Sigrúnar Sigurðardóttur, sem hafa umsjón með nýju viðbótarnámi um atvinnutengda starfsendurhæfingu, vantar fjölda fólks endurhæfingu til að komast aftur á vinnumarkaðinn. Nýja námið er liður í að mennta fólk til að aðstoða síðan aðra við að komast aftur til vinnu.

Atvinnutengd starfsendurhæfing er einn þáttur í heildstæðu kerfi endurhæfingar sem stuðlar að því að sem flestir eigi þess kost að vera virkir á vinnumarkaði. Markmið þessarar nýju námsleiðar, sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri, Háskóla Íslands og VIRK – starfsendurhæfingarsjóðs, er að auka framboð á sérmenntuðu fólki til starfa á sviði starfsendurhæfingar og fullnægja þar með vaxandi þörfum samfélagsins fyrir sérþekkingu, rannsóknir og kennslu í starfsendurhæfingu.

Erfitt að missa vinnu í kjölfar veikinda

Til þessa hefur ekki verið boðið upp á sérhæft nám fyrir ráðgjafa í starfsendurhæfingu en sífellt fleiri þurfa á þjónustu slíkra ráðgjafa að halda. Fjölmargir misstu vinnuna í kjölfar efnahagshrunsins og

hluti þeirra er búinn að vera án atvinnu í langan tíma. Fyrir vikið hafa vandamál þessa hóps þyngst undanfarin ár, m.a. vegna ýmiss konar félagslegra og sálfélagslegra vandamála. Ráðgjafar í starfsendurhæfingu vinna í auknum mæli með fólki sem hefur lent í ýmiss konar áföllum og þörfin er mikil fyrir endurhæfingu til að komast aftur á

vinnumarkaðinn. Ráðgjafar þurfa mikið að kljást við streitu hjá þeim sem til þeirra koma og sífellt fleiri leita sér aðstoðar vegna þess að þeir hafa ofkeyrt sig á vinnu. Aðferðirnar í starfsendurhæfingu eru síbreytilegar, allt eftir því hver í hlut á.

Það er heilsusamlegt að vinna en það hafa ekki allir jöfn tækifæri á því, til að mynda í kjölfar veikinda. Að sögn þeirra Ástu og Sigrúnar

Það er heilsusamlegt að vinna en það hafa ekki allir jöfn tækifæri á því, til að mynda í kjölfar veikinda.

hafa fjölmargar niðurstöður rannsókna leitt í ljós að það er heilsusamlegra að vinna þrátt fyrir veikindi. Og þær ítreka að eitt það versta sem fyrir fólk kemur er að missa vinnuna í kjölfar veikinda. Þær binda vonir við að þetta nýja nám verði til þess að efla starfsendurhæfingu.

Námið, sem er diplómanám og veitir möguleika á framhaldsnámi til meistaragráðu, er þverfaglegt og blanda af heilbrigðis- og félagsvísindum. Aðsóknin að náminu var góð og fjölbreytileiki einkennir nemendur, bæði hvað varðar búsetu og menntun. Ásta og Sigrún hafa báðar þverfaglegan bakgrunn, en Ásta hefur nýlokið doktorsnámi í félagsfræði og er sérsvið hennar atvinnumál og heilsutengd mál en hún er þar að auki hjúkrunarfræðingur. Sigrún er sömuleiðis að ljúka doktorsnámi í hjúkrunarfræði en hún er með meistaragráðu í heilbrigðisvísindum. Þá hefur hún starfað sem lögreglukona í nokkur ár, en hún er einmitt að rannsaka ofbeldi, afleiðingar þess og meðferðarúrræði fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis.